

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

### 69. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn mánudaginn 30. janúar, 2006 að Austurvegi 52, Selfossi. (Slökkvistöð)

**Mættir:** Einar G. Njálsson, formaður, Gunnar Þorgeirsson og Snæbjörn Sigurðsson.

**Einnig mætti á fundinn:** Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.00

#### 1. Umsóknir um stöðu varaslökkviliðsstjóra

**Umsóknir bárust frá eftirfarandi aðilum:**

Bjarni Ingimarsson,	Selfossi	(201176-5819)
Grétar I. Arnason,	Selfossi	(021271-5009)
Guðmundur B. Böðvarsson,	Laugarvatni	(180366-4079)
Jónas B. Hallsson,	Hafnarfirði	(071075-5759)
Pétur Pétursson,	Hveragerði	(210873-5979)
Ragnar Guðmundsson.	Selfossi	(221271-4249)

**Umræður.** Farið yfir umsóknir og borið saman umsóknir umsækjanda og námslega stöðu þeirra. Ákveðið að taka þrjá umsækjendur til viðtals á miðvikudag kl.11.00 í Ráðhúsi Árborgar.

#### 2. Samstarfsmál vegna slökkviliðs Gnúpverja

**Umræður.** Málefni Gnúpverja í góðum farvegi og stefnt að undirritun samþykktu þann 25. febrúar 2006.

#### 3. Húsnæðismál (Ný slökkvistöð)

Formaður greindi frá svari sem hann fékk vegna fyrirspurnar til formanns Björgunarfélags Árborgar um stöðu mála varðandi lóð undir björgunarmiðstöðina og framhald málsins.

Ingvar telur að formsatriðum gagnvart ráðuneytum sé að ljúka og undirskriftir vegna lóðar sé á næsta leiti.

Slökkviliðsstjóri greindi frá þeim fundum sem undirbúningshópur innan slökkviliðsins hefur haldið á undanförunum vikum, fjórir talsins. M.a. var farin ferð til Reykjavíkur og Akranes til að skoða slökkvistöðvar m.t.t. innra skipulags.

Í undirbúningshópnum eru: Kristján Einarsson, sl.stjóri. Karl Bergsson, rekstrarstjóri, Kristján K.Pétursson varðstjóri hjá BÁ, Ragnar Guðmundsson, sl.maður hjá BÁ og SHS og Kristján I. Vignisson, sl.maður hjá BÁ og sjúkraflutningsmaður.

#### 4. Önnur mál.

a) Slökkviliðsstjóri greindi frá því að útköll slökkviliðsins á árinu 2005 urðu 74 talsins. Þetta eru flest útköll liðsins á einu ári síðan BÁ var stofnað.

b) Slökkviliðsstjóri sagði að bréf hefði komið frá Sambandi ísl. sveitarfélaga þar sem greint var frá því að umsókn BÁ vegna endurgreiðslu VSK af búnaðarkaupum hefði verið samþykkt. Nær fullnaðargreiðsla væri væntanleg en eftirstöðvar yrðu greiddar á næsta ári þar sem endurgreiðslusjóður hefði verið fullnýttur og rúmlega það af slökkviliðum landsins. Fé vegna endurgreiðslunnar fer í að lækka lán vegna bílakaupa.

**Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 12.15**

Einar Njálsson      Gunnar Þorgeirsson      Snæbjörn Sigurðsson

Kristján Einarsson